

Orkubú Vestfjarða ohf., kt. 660877 - 0299 Stakkanesi 1, 400 Ísafirði, í samningi þessum nefnt OV og Vesturbyggð, kt. 510694 - 2369 Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, í samningi þessum nefnt Vesturbyggð, gera með sér svohljóðandi

## **Rekstrarsamning á hleðslustöðvum og bílastæðum fyrir rafbíla**

### **1. gr.**

#### **Efnisatriði samnings**

Í samningi þessum er fjallað um réttindi og skyldur samningsaðila við rekstur hleðslustöðva og bílastæða til að unnt verði að veita þjónustu fyrir rafbíla í Vesturbyggð, sjá staðsetningu bílastæða, hleðslustöðva og tengiskáps á meðfylgjandi mynd í samningi þessum. Þjónustan felur í sér uppsetningu og rekstur hleðslustöðva í eigu OV og bílastæða á landi í eigu Vesturbyggðar.

### **2. gr.**

#### **Framlag og skyldur Vesturbyggðar**

Vesturbyggð leggur til land undir fjögur bílastæði hlið við hlið sem eru að lágmarki 12,6 metrar að breidd samtals við Sundlaug á Patreksfirði, við Grunnskólann á Patreksfirði, við tjaldsvæðið á Tálknafirði og við félagsheimilið í Krossholti.

### **3. gr.**

#### **Framlag og skyldur OV**

OV leggur til þann búnað sem þarf, 6 AC hleðslustöðvar með samtals tólf 22 kW tengjum, 2 50kW hraðhleðslustöðvar með samtals 4 tengjum ásamt tengiskáp og annað til reksturs hleðslustöðva. OV sér um allan rekstur þessa búnaðar á sinn kostnað og býður viðskiptavinum að hlaða samkvæmt verðskrá OV.

### **4. gr.**

#### **Tengiliðir samningsaðila.**

Tengiliður Vesturbyggðar vegna samnings þessa: Geir Gestsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, sími 450 2300 netfang: [geir@vesturbyggd.is](mailto:geir@vesturbyggd.is)

Tengiliður OV vegna samnings þessa: Daníel Örn Antonsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, sími 450 3212 netfang: [doa@ov.is](mailto:doa@ov.is)

### **5. gr.**

#### **Undirverktakar og framsal**

Aðilum er óheimilt, án skriflegs samþykkis gagnaðila að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Það á þó ekki við færast verkefni viðkomandi aðila til annarra aðila við sameiningu sveitarfélaga eða orkufyrirtækja. Í slíku tilviki skal senda skriflega tilkynningu til tengiliðs gagnaðila um framsal verkefna samkvæmt samningi þessum.

**6. gr.**  
**Vanefndaúrræði og uppsögn**

Aðilar skulu í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði samnings þessa. Verði aðili samnings þessa fyrir tjóni af völdum gagnaðila síns í samningi þessum er viðkomandi að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þess. Verði um verulegar vanefndir að ræða af hálfu aðila samnings þessa getur gagnaðili hans rift samningnum, í heild eða að hluta.

**7. gr.**  
**Greiðslur samningsaðila.**

Ekki er um að ræða greiðslur á milli samningsaðila vegna þessa samnings.

**8. gr.**  
**Samningstími**

Uppsögn skal vera skrifleg og miðast við mánaðamót. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir og eru uppsagnarskilmálar gagnkvæmir. Ef til uppsagnar samnings þessa kemur er OV skylt að fjarlægja sinn búnað nema samið verði um annað.

**9. gr.**  
**Lokaákvæði**

Komi til ágreinings milli aðila um túlkun á réttindum og skyldum aðila samkvæmt samningi þessum skulu aðilar leitast við að leysa þann ágreining sín á milli í sátt. Rísi mál út af samningi þessum eru aðilar sammála um að reka það fyrir Héraðsdómi Vestfjarða. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum aðila.

Öllu framangreindu til staðfestu rita samningsaðilar nöfn sín með rafrænni undirritun.

Ísafirði, 13. maí 2026.

---

f.h. Orkubús Vestfjarða ohf.


---

f.h. Vesturbyggðar

Mynd af staðsetningu bílastæða og hleðslustöðva við Sundlaug Patreksfjarðar til viðmiðunar samkvæmt samningi þessum:



Mynd af staðsetningu bílastæða og hleðslustöðva við Grunnskóla Patreksfjarðar til viðmiðunar samkvæmt samningi þessum:



Mynd af staðsetningu bílastæða og hleðslustöðva við tjaldsvæði á Tálknafirði til viðmiðunar samkvæmt samningi þessum:



Mynd af staðsetningu bílastæða og hleðslustöðva við tjaldsvæði í Krossholti til viðmiðunar samkvæmt samningi þessum:



# Undirritunarsíða

Daníel Örn Antonsson

Geir Gestsson